



SAMBAND ÍSLENSKRA PRÓFUNARSTOFA

ADALFUNDUR SAMBANDS ÍSLENSKRA PRÓFUNARSTOFA 19. maí 2026

Skýrsla stjórnar, starfsárið 2025 – 2026

SÍP er með netfangið profunarstofur@gmail.com sem stjórnarmeðlimir hafa aðgang að og hefur stjórnin nýtt það til þess að senda út tilkynningar til félagsmanna auk almennra samskipta á vegum félagsins, samskipti við Eurolab og Eurachem fara þó áfram fram í gegnum tengiliði.

Félagsmönnum var í febrúar boðið í heimsókn til ÍSOR þar sem Sveinborg Hlíf Gunnarsdóttir sviðstjóri könnunar og vöktunar sagði okkur örstutt um sögu ÍSOR og frá þeirri þjónustu sem þar er boðið upp á. Finnbogi Óskarsson, efnafræðingur og stjórnarmeðlimur SÍP tók svo við og sagði okkur frá rannsóknum og tækjakosti og leiddi okkur að lokum um rannsóknarstofuna.

Auglýst voru ýmis námskeið og viðburðir á vegum Eurolab og Eurachem, sendar voru tilkynningar í tölvupósti á félagsmenn og viðburðir auglýstir á heimasíðu SÍP (icelab.123.is). Viðburðir Eurolab um Sjálfbæra Framtíð fyrir Rannsóknarstofu (“A Sustainable Future for Laboratories”) og Sjálfvirkni og Tækni Framtíðarrannsóknarstofa (Future Labs, Automation & Technology Summit Europe) voru haldnir síðastliðið haust. Eurachem hélt námskeið um Reglugerð Matvælaumbúða (The Packaging and Packaging Waste Regulation & Food Safety: Navigating Compliance and Analysis) auk þess að bjóða upp á frítt námskeið um Að Tryggja Gæði Greininga (Ensuring Analytical Excellence – The Eurachem Fitness for Purpose Guide, 3rd edition, for method validation and verification.)

Á ársfundi Eurolab í apríl var kosið um að endurskoða aðildarflokka samtakanna meðal annars m.t.t. aðila og landa sem ekki eru meðlimir, í þeim tilgangi að opna á aðild og samstarf við fleiri rannsóknarstofur og samræmismatsaðila, tengiliður SÍP sótti fundinn rafrænt og kaus stjórn SÍP með samþykktinni.

Allsherjarþing Eurachem var haldið í Lissabon, Portúgal 14.-15. maí síðastliðinn og sótti tengiliður SÍP fundinn. Meðal annars var fjallað um aukna áherslu á óvissumat vegna sýnatöku sem líklegt er að verði tekið inn í næstu útgáfu ISO 17025 staðalsins. Næstu námskeið á vegum Eurachem verða í Alicante í september og Níkósíu í mars. Næsta allsherjarþing Eurachem verður haldið í Níkósíu í maí og í tengslum við það verður einnig haldið námskeið.

Aðilar að SÍP eru nú 16: BM Vallá, BSI Íslandi, COWI Íslandi ehf, Frumherji hf, Hlaðbær Colas, Icelandair – kvörðunarstofa, ÍSOR, Malbikunarstöðin Höfði, Malbikstöðin, Matís ohf, Orkuveitan, Rannsóknastofa í lyfja- og eiturefnafræði - RLE, Rio Tinto á Íslandi, Steypustöðin ehf, Tæknisetur og Vegagerðin.

Fjármál

Vísað er í yfirlit gjaldkera varðandi fjármál félagsins.

Stjórn og stjórnarfundir

Stjórnarfundir fóru yfirleitt fram á netinu en að venju hittist stjórn einnig á veitingastað á fyrsta fundi eftir aðalfund þar sem fráfarandi ritara var þakkað kærlega fyrir vel unnið starf og nýir stjórnarmeðlimir voru boðnir velkomnir.

Áhersla stjórnar hefur verið á að skipuleggja fræðslu og kynningar. Stjórnin hefur unnið að því að fá fleiri fyrirtæki sem reka prófunarstofur inn í SÍP.

Á starfsárinu var stjórnin skipuð á eftirfarandi hátt: Guðrún Eva Jóhannsdóttir, COWI Ísland – formaður og umsjónarmaður vefsíðu, Finnbogi Óskarsson, ÍSOR – gjaldkeri og tengiliður við Eurachem, Margrét Rún Jakobsdóttir, Rannsóknarstofa í lyfja og eiturefnafræði – ritari, Elín Ásgeirsdóttir, Malbikunarstöðin Höfði – stjórnarmaður og tengiliður við Eurolab og Birgir Tryggvason Flóvenz, BSI á Íslandi – stjórnarmaður.

Kópavogur, maí 2026

f.h. stjórnar

Guðrún Eva Jóhannsdóttir